

Leiðsögn – stéttarfélag leiðsögumanna

Fundur trúnaðarráðs 25. apríl 2022 kl. 18.00

Staður: Skrifstofa félagsins, Stórhöfða 29 + fjarfundur

Mættir: Friðrik Rafnsson (FR), Snorri Steinn Sigurðsson (SSS), Harpa Björnsdóttir (HB), Valva Árnadóttir (VÁ), Áslaug Jóna Marinósdóttir (ÁJM), Kári Jónasson (KJ), Birna Imsland (BI), Kristín Waage (KW), Þórhildur Sigurðardóttir (PS)

Á fjarfundi: Sigrún Pálsdóttir (SP) – (Guðný Margrét Emilsdóttir (GME) var á fundinum rétt í upphafi en hvarf svo af fundi án skýringa.)

Boðuð forföll: Indriði H. Þorláksson (IHP), J. Birna Halldórsdóttir (JBH)

Fjarverandi: Hildur Bjarnason (HBj), Pétur Gunnarsson (PG), Guðni Gunnarsson (GG), Aldís Aðalbjarnardóttir (AA), Sigurður Magnússon (SM).

1.	Fundur settur – Fundargerð síðasta fundar	Formaður FR setur fund, býður fundarfólk velkomið og óskar því gleðilegs sumars. Fundargerð síðasta fundar frá 22.3.2022 var send fundarmönnum fljótlega eftir síðasta fund og var engin athugasemd gerð nema GME var ósátt við lið 4. Farið yfir liðinn og eru fundarmenn sammála um að orðalag fundargerðarinnar dekki það sem kom fram, aldrei séu hver einustu skoðanaskipti skráð. GME ekki sátt við þessa niðurstöðu og sendir bókun rafrænt, sem ritari les upp. SSS gerir gagnbókun þar sem honum finnst ekki farið með rétt mál og sendir þá GME enn aðra bókun. Ritari áskilur sér rétt til að gera athugasemd. (Þessar bókanir og athugasemd má sjá aftan við fundargerðina frá 22.3.)	U B B B A	Friðrik Harpa
2.	Um félagsfund 5.4.	Formaður segir frá félagsfundinum þann 5. apríl þar sem Indriði H. Þorláksson formaður laga-breytingarnefndar kynnti hin nýju lög sem verða lögð fram á aðalfundi 26.apríl. Einnig var kynnt tillaga að nýjum siðareglum á þessum fundi og ný reglugerð Endurmenntunarsjóðs. Ársreikningar eru tilbúnir og endurskoðaðir og eru sendir trúnaðarráði í tölvupósti til frekari kynningar. Þeir hafa einnig verið aðgengilegir á heimasíðu félagsins undanfarið. Fjárhagsáætlun verður einnig lögð fram, en fyrirséð eru aukin útgjöld vegna lögfræði-kostnaðar vegna kjarabrota og eins vegna afmælis	U	Friðrik

		<p>Leiðsagnar sem verður fagnað í haust með ráðstefnu.</p> <p>Aðalfundur verður á morgun 26. apríl og gengur undirbúningur vel. Fundarstjóri verður Magnús M. Norðdahl, ritari Ásgeir Sverrisson. Drífa Snædal, forseti ÁSÍ, mun ávarpa fundinn. Rætt um umkvartanir félagsmanna um að fundir séu of langir, fólk oft ómálefnalegt, haldi sig ekki við umræðuefni, sýni öðrum félagsmönnum dónaskap o.s.frv. Magnús er þekktur að því að vera rögg-samur fundarstjóri og er þess vænst að hann muni tryggja góðan fund og málefnaleg skoðanaskipti.</p>		
3.	Faghandbók	<p>FR, sem situr í stjórn Endurmenntunarsjóðs ásamt VÁ og HB, segir frá óvenjulegum styrk sem fyrri stjórn sjóðsins veitti Jakobi S. Jónssyni í tvennu lagi í upphafi árs 2021 til að útbúa Faghandbók leiðsögumanna. Enginn samningur hefur verið undirritaður um verkefnið, enginn rammi settur um það, hvorki um úrvinnslu eða framsetningu, en til bókun í fundargerð þar sem eignarhaldið er Leiðsagnar. Skv. tölvupóstum og umsóknum JSJ áttu skil að verða í lok sumars 2021. Ekkert bólar á þeim enn og engum áfanga-skýrslum heldur. Núverandi stjórn sjóðsins rak augun í þessa óvenjulegu úthlutun á fyrsta fundi sínum síðastliðið haust og hefur ítrekað reynt að innkalla verkefnið. Hefur Jakobi nú verið gefinn frestur til 30. júní, en Fagráði falið að ganga á eftir skilum í samstarfi við stjórn sjóðsins. Spurt hvort fyrri stjórn sé laus allra mála?</p> <p>Gera þarf grein fyrir þessu máli á aðalfundinum, því margt er athugunarvert við þessa úthlutun. Stjórn Endurmenntunarsjóðs vill þó, eftir því sem unnt er, reyna samningaleiðina við JSJ og fá í hendur þá vinnu sem átti að fást fyrir þennan styrk.</p> <p>Rætt um fyrri handbækur sem Birna Bjarnleifs-dóttir tók saman og komu út á vegum félagsins 1993 og 1997. Einnig gaf Stefán Valur leiðsögumaður út handbók 2008 sem er mjög gagnleg. Einnig er til app sem nefnist „Kringum“ og er leitarkort með upplýsingum.</p>	U	Friðrik
4.	Önnur mál	<p>a) KW segir að hjá Fagdeildinni liggi umsóknir um aðild sem þau viti ekki hvernig skal afgreiða, því ef ný lög verða samþykkt á aðalfundinum á morgun, þá er eiginlega búið að leggja núverandi fagdeild niður. Vill Fagdeildin vísa þessum umsóknum frá</p>	U	Kristín

	<p>sér og æskir að stjórn taki afstöðu til þess hvernig á að fjalla um þær héðan í frá. Spurt hvort ekki þurfi að boða félagi í núverandi/fyrirverandi fagdeild á fund til kynningar á nýrri stöðu? Nýr faghópur þarf að líkindum einhverja stjórn og hana þarf að kjósa með einhverjum hætti?</p> <p>Sú ákvörðun að allir greiði aðildargjald var hugsuð til þess að leysa úr ákveðnum ágreiningi og að allir séu jafnir í félaginu.</p> <p>Frekari ákvörðunum um þessar umsóknir og málefni fagdeildar vísað til stjórnar.</p> <p>b) Rætt um þátttöku Leiðsagnar í 1. maí göngunni.</p>		Stjórn
Fundi slitið 20:00			

Fundargerð staðfest:

Friðrik Rafnsson, formaður

Harpa Björnsdóttir, ritari